



Áætlun um varnir og viðbrögð gegn einelti í leikskólum Kópavogs

Einelti er ekki liðið í leikskólum Kópavogs

Starfsmönnum leikskólanna ber að koma í veg fyrir að þær aðstæður skapist að einelti geti átt sér stað og vinna gegn því.

- Það telst einelti þegar um ítrekað ofbeldi er að ræða gagnvart einstakling eða hóp og getur það bæði verið líkamlegt og andlegt.
- Einelti er ofbeldi og félagsleg útskúfun sem hefur alvarlegar afleiðingar fyrir þolandann.
- Gerendur og þolendur í einelti geta verið einn eða fleiri.

Markmið með eineltisáætluninni er að gera starfsmenn leikskóla meðvitaðri um einelti í allri sinni mynd þannig að þeir þekki einkennin og geti brugðist við þeim. Einelti fær illa þrífist þar sem góð samskipti ríkja.

Til að sporna við einelti er mikilvægt að:

- vinna með samskipti, vináttu, félagsþroska, samkennd, samhygð og að setja sig í spor annarra.
- styrkja einstaklinginn og byggja hann upp fyrir framtíðina
- skoða aðstæður í leikskólanum með tilliti til eineltis

Mikilvægt er að allir starfsmenn leggi sömu merkingu í orðið einelti. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að eineltisáætlun sé kynnt reglulega.

Einelti birtist í mörgum myndum:

Líkamlegt: barsmíðar, spörk, hrindingar, skemmdarverk, misnotkun ofl.

Munnlegt: uppnefni, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni ofl.

Óbeint: baktal, útskúfun eða útilokun úr félagahópi ofl.

Einelti getur átt sér stað á milli:

- starfsmaður / starfsmaður
- barn / barn
- starfsmaður / barn
- barn / starfsmaður

Allir eiga það á hættu að tengjast einhvern tíma einelti á einn eða annan hátt, sem þolendur, gerendur eða áhorfendur.

Verði starfsmaður vitni að einelti ber honum að bregðast við því, með því að veita allar þær upplýsingar sem fyrir hendi eru til rétttra aðila svo hægt sé að taka sem fyrst á málinu. Starfsmenn eru allir ábyrgir varðandi greiningu og lausn eineltismála. Leikskólastjóri er alltaf ábyrgur fyrir þeirri vinnu sem fer í gang varðandi einelti. **Starfsmenn eiga að vera jákvæðar fyrirmyndir, vanda orð sín og athafnir og bera virðingu fyrir tilfinningum og sérkennum annarra.**

Hugmyndir að fyrirbyggjandi vinnu með starfsmönnum:

- Einn starfsmannafundur á ári tileinkaður samskiptum / einelti þar sem samskiptastefna og eineltisáætlun er yfirfarin og endurskoðuð.
- Markviss fræðsla um einelti og samskipti t.d. í símenntunaráætlun.
- Umræður og fræðsla um samskipti þurfa að vera stöðugt í brennidepli.
- Gera athuganir um samskipti.
- Kortleggja aðstæður í leikskólanum, hver eru “gráu svæðin”?
- Vinna með virðingu, samkennd og tilfinningar.

Börn þurfa að fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og fá viðurkenningu frá hinum fullorðna um að það sé eðlilegt að ræða þær.

Hugmyndir að fyrirbyggjandi vinnu með börnum:

- Gera athuganir um samskipti.
- Kortleggja aðstæður í leikskólanum, hver eru “gráu svæðin”?
- Kanna líðan barnanna
- Skoða félagssleg tengsl í barnahópnum. Eiga öll börn vini í leikskólanum ?
- Styrkja sjálfsmynd barnanna, æfa þau í samskiptum, að tjá tilfinningar sínar og að setja sig í spor annarra.
- Börnin eru þátttakendur í að búa til samskiptareglur og skilgreina hvað þær þýða, hlutverk þeirra og gildi.
- Lífsleikninám – þar sem að unnið er með lífsgildi, dyggðir og samlíðun.
- Vinna með virðingu, samkennd og tilfinningar.

*Gerum börnin góð og fróð
gleði búum hjörtum.
Á vogarskálar leggjum lóð
á lífsíns vegi björtum.*

*Gerum börnin góð og fróð
gildin skipta máli.
Svo strákar góðir og sterkleg fljóð
sigri í veraldar báli.*

(María K. Lárusdóttir,
leikskólastjóri Fífusölum)



Aðgerðaráætlun

Ávallt skal unnið að lausn eineltismála í samvinnu við leikskólastjóra

Starfsm/starfsm.	Barn/barn	Starfsm./barn	Barn/starfsm.
<ul style="list-style-type: none">* Starfsmaður sem telur að einelti sé í gangi gagnvart sér eða öðrum, ræðir við leikskólastjóra, deildarstjóra, trúnaðarmann eða leikskólafulltrúa/ráðgjafa.* Sé leikskólastjóri ekki sá sem rætt var við er næsta skref að ræða við hann.* Leikskólastjóri ræðir við þolanda og kannar málið.* Leikskólastjóri ræðir við geranda í samráði við þolanda.* Metið hvort utanaðkomandi aðstoð er fengin.* Málið er tekið upp í starfsmannahópnum, eða hluta hans, með samþykki þolanda og vitund geranda.* Sé þolandi ekki samþykkur því að málið sé tekið upp persónulega, ræðir leikskólastjóri almennt um samskipti í starfsmannahópnum.* Málinu er fylgt eftir.	<ul style="list-style-type: none">* Starfsmaður eða foreldri sem telur að einelti eigi sér stað, ræðir við leikskólastjóra, deildarstjóra eða leikskólafulltrúa/ráðgjafa.* Upplýsingum er safnað saman og málið skoðað frá öllum hliðum.* Haldinn er deildarfundur þar sem rætt er um meint einelti.* Rætt er við foreldra og þess gætt að tala um erfiðleika í samskiptum en nota ekki orðið einelti.* Aðgerðir í leikskóla og heimili eru samræmdar.* Deildarstjórar og aðrir starfsmenn eru upplýstir, ef þörf þykir, um hvaða aðgerðir hafa verið ákveðnar.* Beri aðgerðir ekki árangur er kvaddur til utanaðkomandi fagaðili.* Málinu er fylgt eftir.	<ul style="list-style-type: none">* Starfsmaður eða foreldri sem telur að einelti eigi sér stað, ræðir við leikskólastjóra, deildarstjóra eða leikskólafulltrúa/ráðgjafa.* Upplýsingum er safnað saman og málið skoðað frá öllum hliðum.* Deildarstjóri eða leikskólastjóri ræðir við geranda.* Ef þörf er á, er fengin utanaðkomandi fagleg aðstoð við að skoða og leysa málið.* Þeir er málið varðar eru upplýstir um framvindu mála.* Málinu er fylgt eftir.	<ul style="list-style-type: none">* Starfsmaður sem telur að einelti eigi sér stað, ræðir við leikskólastjóra, deildarstjóra eða leikskólafulltrúa/ráðgjafa.* Upplýsingum er safnað saman og málið skoðað frá öllum hliðum.* Haldinn er deildarfundur þar sem rætt er um meint einelti.* Ef þörf er á, er fengin utanaðkomandi fagleg aðstoð við að skoða og leysa málið.* Ef þörf er á er rætt við foreldra og þess gætt að tala um erfiðleika í samskiptum en nota ekki orðið einelti.* Aðgerðir í leikskóla og heimili eru samræmdar.* Málinu er fylgt eftir.

Samþykkt á fundi leikskólastjóra 21. september 2004.